

23. Frumvarp

til laga um verzlun með tilbúinn áburð.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Samband isl. samvinnufélaga taka í sínar hendur einkasölu á tilbúnum áburði frá 1. jan. 1935. Frá þeim tíma er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr rikissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

3. gr.

Áburðurinn er ekki seldur öðrum en hrepps- og bæjarfélögum, búnaðarfélagum, samvinnufélögum og kaupmönnum. Heimilt er að leggja á áburðinn þann kostnað, sem af verzluninni með hann leiðir, umfram farmgjöld þau, sem um ræðir í 2. gr. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sé greiddur við móttöku.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að fela Sambandi isl. samvinnufélaga, eða öðrum aðila er henta þykir, rekstur áburðarsölu ríkisins, og leggja fram, eða ábyrgjast, fé er til þess þarf. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin reglur um rekstur verzlunarinnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 52 frá 7. maí 1928 og lög nr. 12 frá 6. júlí 1931.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lög nr. 52 frá 7. maí 1928 sbr. lög nr. 12 frá 6. júlí 1931 heimila ríkisstjórninni að taka í sínar hendur verzlun með tilbúinn áburð. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilað að greiða úr rikissjóði árin 1932—1934 kostnað við flutning tilbúins áburðar til landsins.

Sú breyting er nú á þessu gerð, að heimild ríkisstjórnarinnar til greiðslu á farmgjöldum er framlengd um óákveðið tímabil og í stað heimildar fyrir ríkisstjórn til að reka einkasölu, er einkasala þessi nú lögfest, með því hún hefir reynzt vel í framkvæmd.